Prins Póló

Texti: Þorsteinn Eggertsson

Lag: F. Zander

Mitt líf er ekki beisið
og tilbreytingarleysið hrikalegt,
Ég sést ekki oft í landi
því ég er alltaf út á sjó.
Og ég er talsvert þrekinn stór
og saman rekinn glæsilegt
Þótt fæði mitt sé einfallt
gosdrykkir og prins pólo.

En þegar við í landi þykjumst vera í standi
Til að sletta klaufunum úr,
Þá fer ég og kaupi mér prins póló
Þá uppnefna menn mig í moll og dúr.

1 og 2 og Pins póló
það er meiri gæinn þessi Prins Póló
Hámar allan daginn í sig prins póló
Hvernig þolir maginn allt það prins pólo
mér er um og ó.

Á herðum er mér vandi
því ég er ómissandi hópnum í
Þeir kalla á mig ef þarf að
lemja einhvern leiðinda hró
Ég látinn er í friði sem
ísjaki út á miði í kurt og pí
Og ef að ég er blankur
gefa þeir mér prins póló.

En þegar við í landi þykjumst vera í standi
Til að sletta klaufunum úr,
Þá fer ég og kaupi mér prins póló
Þá uppnefna menn mig í moll og dúr.

1 og 2 og Pins póló
það er meiri gæinn þessi Prins Póló
Hámar allan daginn í sig prins póló
Hvernig þolir maginn allt það prins pólo
mér er um og ó.

Ef áhöfnin er saman því þá
er meira gaman alls staðar

Það þarf svo margt að reyna
þar til við förum á sjó.
Við leggjum okkur hart í
að koma okkur í partý og kvennafar
En mér er svo sem sama
ef ég fæ Prins Póló

Svo ná þeir sér í skvísur
sem líta út eins og hnísur
upplagðar í gleðskap og þjó
Ég fer og fæ mér prins póló
þá uppnefna þau mig í einum kór

1 og 2 og Pins póló
það er meiri gæinn þessi Prins Póló
Hámar allan daginn í sig prins póló
Hvernig þolir maginn allt það prins pólo
mér er um og ó.

Á sveitaball við fórum
og birgir vel við vorum hvað um það
Við innganginn stóð löggan
og var með nöldur og pex
Við komust allir inn en ég var handtekinn
og þeir leituðu að víni en fundu bara
súkkulaði húðað kex.

En þegar við í landi þykjumst vera í standi
Til að sletta klaufunum úr,
Þá fer ég og kaupi mér prins póló
Þá uppnefna menn mig í moll og dúr.

1 og 2 og Pins póló
það er meiri gæinn þessi Prins Póló
Hámar allan daginn í sig prins póló
Hvernig þolir maginn allt það prins pólo
mér er um og ó.

Höfundaskráning: https://static-media.guitarparty.com/pdf_songbooks/guitarparty-a4pcg-33278-39565-888.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.